

# STJÓRNARTÍÐINDI A 21 — 1979

Nr. 90.

310

9. nóvember 1979.

## BRÁÐABIRGÐALÖG

um breyting á lögum nr. 51/1972 um Bjargráðasjóð, sbr. lög nr. 110/1976 og lög nr. 41/1977.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Félagsmálaráðherra hefur tjáð mér, að brýna nauðsyn beri til að setja lög um breyting á lögum nr. 51/1972 um Bjargráðasjóð, sbr. lög nr. 110/1976 og lög nr. 41/1977 um breyting á þeim lögum. Sé þetta gert í samræmi við ákvörðun ríkisstjórnarinnar á s.l. sumri um að fela Bjargráðasjóði lána-fyrirgreiðslu til þeirra, sem urðu fyrir tjónum af völdum hafiss og vorharðinda. Vegna fjárskorts Bjargráðasjóðs þurfi sjóðurinn að taka verðtryggð lán, sem endurlánuð verða ýmist verðtryggð og vaxtalaus eða óverðtryggð með vöxtum, en í lögum sjóðsins skorti heimild til að veita verðtryggð lán og lán með hærri vöxtum en 10%.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög skv. 28. gr. stjórnarskrárinnar, svohljóðandi:

### 1. gr.

1. mgr. 10. gr. laga nr. 51/1972 orðist svo:

Fjárhagsaðstoð beggja deilda sjóðsins skv. 8. og 9. gr. laga þessara er fólgin í veitingu styrkja og/eða lána, eftir reglum, sem sjóðsstjórn setur. Stjórn sjóðsins ákveður kjör á lánum þ. m. t. lánstíma, vexti og hvort lán skuli bundin verðtryggingu.

### 2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík 9. nóvember 1979.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

*Magnús H. Magnússon.*